



266. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 17. febrúar 2011 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Lárus Á. Hannesson, forseti bæjarstjórnar, LÁH
Berglind Axelsdóttir, BA
Davíð Sveinsson, DS
Helga Guðmundsdóttir, varamaður, HG
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS
Guðlaug J. Ágústsdóttir, GJÁ
Eydís B. Eyþórsdóttir, varamaður, EBE
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS
Guðmundur Andrésson, fundarritari

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Á. Hannesson setti fund og stýrði.

Forseti bæjarstjórnar lagði til að tekið væri á dagskrá með afbrigðum, sem þriðja lið á dagskrá fundarins, bréf Siglingastofnunar vegna útboðs smábátaviðlegu. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerð bæjarráðs.

1. 1101037 - Fundargerð ípróttu og æskulýðsnefndar, dags 19.01.2011 (41. fundur). Fundargerð framlögð. Bæjarráð felur formanni nefndarinnar, ípróttu og tómstundafulltrúa og forstöðumanni félagsmiðstöðvar að leita eftir samstarfi við forsvarsmenn Leikfélagsins Grímnis um afnot af Silfurgötu 7 til hljómsveitaræfinga..
Til máls tóku HG, LÁH, EBE, ÍHS, BA.
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.
2. 1101024 - Fundargerð Skólanefndar dags. 12.01.2011 (110. fundur). Fundargerð framlögð. Bæjarstjórn lýsir ánægju sinni með greinargóða fundargerð.
Fundargerðin samþykkt.
18. 1102001 - Tölvupóstur Skipavíkur ehf., dags. 31.01.2011 þar sem farið er fram á lengri frest vegna lóðar við Skólastíg, Bæjarráð samþykkir að veita Skipavík ehf. 6 mánaða frest.
Til máls tóku ÍHS, GS, DS, LÁH.
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.
19. 1101039 - Bréf Hólmgeirs Þórsteinssonar dags. 31.01.2011 varðandi gatnagerðargjöld. Bæjarstjórn þakkar erindi bréfitara. Ekki hefur tíðkast að fella niður eða gefa afslátt frá gjaldskrá gatnagerðargjalda í Stykkishólmsbæ. Bæjarstjórn sér ekki fært að verða við erindi bréfitara.
Samþykkt samhljóða.
20. 1101030 - Bréf Kvenfélagsins Hringins dags. 20.01.2011 varðandi niðurfellingu fasteignagjalda. Samþykkt að veita Kvenfélaginu Hringnum styrk sem nemur fasteignagjöldum af Freyjulundi, húsi félagsins, fyrir árið 2011.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

21. **1101025 - Bréf umhverfisráðuneytis, dags, 17.01.2011 Varðandi umsögn um skýrslu um verndun Breiðafjarðar.** Sótt var um frest til að svara erindinu til 15. mars n.k.og var það samþykkt af ráðuneytinu.

Sveitarfélög við Breiðafjörð munu senda sameiginlegt svar við erindinu.

Til máls tóku ÍHS, DS,LÁH.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

22. **1102009 - Bréf Golfklúbbsins Mostra, dags. 07.02.2011 varðandi rekstur upplýsingamiðstöðvar í Stykkishólmi.** Bæjarstjóra falið að ganga til samninga við Golfklúbbinn Mostra um rekstur upplýsingamiðstöðvar í Stykkishólmi sumarið 2011.

Til máls tóku, LÁH, DS, ÍHS, GJÁ.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

23. **1102013 - Ályktun varðandi Fjölbrautaskóla Snæfellinga.**

Fjölbrautaskóli Snæfellinga tók til starfa árið 2004 og hefur frá upphafi verið leiðandi í breyttum kennsluháttum og í nýtingu upplýsingatækni í skólalstarfi. Bæjarstjórn Stykkishólms telur mikilvægt að skólinn haldi sérstöðu sinni og verði áfram sjálfstæð stofnun með eigin skólameistara. Á tímum efnahagsþrenginga og mikilla áskorana í rekstri er þörf á öflugri og staðbundinni forystu skólans. Skólinn hefur gerbreytt búsetuskilyrðum og atvinnuþróun á starfssvæði sínu og skiptir sveitarfélögin á norðanverðu Snæfellsnesi miklu máli. Eindregið er lagst gegn hugmyndum um sameiningu framhaldsskóla á Vesturlandi. Bæjarstjórn fagnar hugmyndum um samstarf framhaldsskóla á Vesturlandi og á landsvísi ef það eykur námsframboð og leiðir til hagkvæmari reksturs.

Samþykkt samhljóða.

24. **1102014 – Hamingjuóskir til handa Haraldi Sigurðssyni.** Bæjstjórn

Stykkishólms óskar Haraldi Sigurðssyni jarðfræðingi og prófessor emeritus við Háskólann í Rhode Island innilega til hamingju með heiðursdoktorsnafnbótina sem honum var veitt 22. janúar sl. við hátíðlega athöfn af Jarðvísindadeild Háskóla Íslands.

Til máls tók ÍHS, LÁH, HG.

25. **1102015 - Áskorun til Vegagerðar ríkisins og Veðurstofu Íslands varðandi vindmæli í Helgafellssveit.**

Bæjarstjórn Stykkishólms skorar á Vegagerð Ríkisins og Veðurstofu Íslands að setja upp vindmæli í Stórholtum í Helgafellssveit svo unnt sé að meta akstursskilyrði milli Grundarfjarðar og Stykkishólms með öruggari hætti en hægt er í dag. Stykkishólmsbær stendur að rekstri Fjölbrautarskóla Snæfellinga, sem staðsetturer í Grundarfirði, í samstarfi við önnur sveitarfélög á Snæfellsnesi og jafnframt að skólaakstri nemenda frá Stykkishólmi.

Á hverjum degi skólaársins keyra skólarútur frá Snæfellsbæ og Stykkishólmi til Grundarfjarðar og er það í höndum bílstjóra skólarútu að ákveða hvort akstursskilyrði séu í lagi og tryggja öryggi nemenda. Þá er nauðsynlegt að hafa vindmæla staðsetta þar sem mestu vindhviðurnar eru svo hægt sé að meta akstursskilyrðin með öruggum hætti. Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar lýsir yfir mikilli ánægju að kominn sé vindmælir við Búlandshöfða en telur jafn mikilvægt að einnig verði settur upp vindmælir í Helgafellssveit svo hægt sé að taka upplýsta ákvörðun um rútuferðir. Einnig skiptir þetta miklu máli fyrir þá bílstjóra sem keyra til og frá Stykkishólmi til annarra staða á landinu.

Samþykkt samhljóða.



26. **1101027 - Bréf forstöðumanns Amtbókasafns ódagsett varðandi hækkun árgjalds.** Bæjarstjórn samþykkir að árgjald verði kr. 2000,- en áfram verði frítt fyrir bört til 18 ára aldurs, öryrkja og ellilífeyrisþega.
27. **1101031 - Bréf Umhverfisráðuneytis dags 19.01.2011 varðandi styrk til minkaátaks.** Framlagt.
28. **1102016 - Bréf Sóknarnefndar Stykkishólmskirkju, dags. 05.02.2011 varðandi styrk vegna fasteignagjalda Stykkishólmskirkju fyrir árið 2011.** Samþykkt að veita Sóknarnefnd Stykkishólmskirkju styrk sem nemur fasteignagjöldum fyrir árið 2011.
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Annað

29. **1102012 – Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.**
Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 40.000.000 kr. með 4,30% vöxtum til 13 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdaáætlun Stykkishólmsbæjar 2011, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Gyðu Steinsdóttur, kt. 040570-5199, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Stykkishólmsbæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Samþykkt samhljóða.

30. **1102017 - Stöðulisti samþykktu.**
Framlagt.
31. Gámasvæði við Snoppu.
Samþykkt að fara í útboð á Gámasvæðinu.
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

- 2.1. **Fundargerð íþróttá- og æskulýðsnefndar, dags. 19.01.2011.**
Framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.
- 2.2. **Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 12.01.2011.**
Fundargerð Framlögð.



3. Bréf siglingastofnunar vegna útboðs, Smábátaviðlega 2011.

Siglingastofnun hefur yfirfarið tilboð sem opnuð voru þann 10.febrúar s.l. í ofangreint verk. Yfirferðin leiddi ekki í ljós breytingar á niðurstöðum. Tilboð Skipavíkur ehf. kr. 15.845.850,- (leiðrétt) er lægst. 67,0% af kostnaðaráætlun Siglingastofnunar. Lagt er til að gengið verði til samninga við Skipavík ehf. á grundvelli tilboðsins.

Til máls tóku, GJÁ, GS, LÁH, DS.

Samþykkt samhljóða. Davíð sat hjá við afgreiðslu á þesum lið .

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:10

Guðmundur Andrésson